

REGLUGERÐ

um bann við veiðum á sæbjúgum á veiðisvæði út af Vestfjörðum, miðsvæði.

1. gr.

Frá og með 13. september 2019 eru allar veiðar á sæbjúgum óheimilar á veiðisvæði út af Vestfjörðum, miðsvæði sem afmarkast að eftirfarandi hnitum:

1. 66°00,00 N – 23°00,00 V
2. 66°00,00 N – 25°00,00 V
3. 66°30,00 N – 25°00,00 V
4. 66°30,00 N – 23°00,00 V
5. 66°00,00 N – 23°00,00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi og fellur úr gildi 31. ágúst 2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. september 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.